

### 8 Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um vörutoll af gipsi.

25. febr.

Með brjefi 6. þ. m. hefir bryggjusmiður Guðm. E. Guðmundsson í Reykjavík óskað úrskurðar stjórnarráðsins um vörutoll af gipsi, og farið þess á leit að gips yrði tollað eins og kalk, af því að það væri notað á sama hátt, til þess að klæða innan veggi með því, og til að búa til úr því »kokolit« í veggfóður, en kokolitgjörð yrði óframkvæmanleg, ef gips væri tollað eftir 1. gr. 6 vörutollslaganna, þarsem tollurinn yrði þá tvöfalt hærri en verðið á gipsinu.

Pótt gips sje efni kalkblandað að þriðjungi, og pótt það sje notað á líkan hátt og kalk, til þess að fódra með því veggi, þá álitur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið álit efnafræðings landsins um málið, að gips geti ekki komist undir orðið »kalk« eða sement í 1. gr. 1 í vörutollslögunum, og verður það því að tollast eftir 1. gr. 6.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, til vitundar gefið, til frekari birtingar.

### 9 Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um skilning vörutollslaganna.

28. febr. laganna.

Með brjefi 4. þ. m. hafið þjer, hr. bæjarfógeti, sent stjórnarráðinu margar fyrirspurnir um skilning á ýmsum atriðum í vörutollslögunum nr. 30, 22. okt. 1912, og álitur stjórnarráðið að þeim beri að svara sem hjer segir:

1. *Melasse, fódurkökur og fódurmjöl.*
2. *Grasfræ og annað fræ.*
3. *Brauð og »Stivelse«.*

Allar þessar vörur ber að tolla eftir 1. gr. 6.

4. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um, hvernig tolla skuli *járnbita, járnbrautarteina, skipsplötur, járnstengur* innan í steinsteypu og *girðingar*. Er stjórnarráðið yður samdóma um, að þessar vörur beri að tolla eftir 1. gr. 2, í líkingu við smíðajárn og stál.

5. Næsti flokkur fyrirspurnar yðar er um *segldúk, tilbúin segl, vaxdúk, línóleum, strigapoka, hörtevinnu, tvist allskonar og sniðið leður í stigvjel.*

Því verður ekki neitað, að segldúk, tilbúin segl og strigapokar sje vefnaður, og þá um leið vefnaðarvara. Pótt hinn há tollur hafi óheppileg áhrif á seglskipa- og bátaútveginn, verður að fara eftir lögunum meðan þau eru orðuð eins og þau eru nú. Fylgi tilbúin segl að keyptu skipi, þá eru þau tollfrjáls, annars ekki.

Aftur á móti er í vaxdúkum og línóleum, pótt grindin innan í sje ofin, svo mikið af limi, fernis, korkmulningi og gúmmi, eða gúttaperka, að vefnaðarins gæti ekki, og þess vegna virðist ekki vera rjett að skoða þessa dúka sem vefnaðarvöru.

Hörtevinni verður ekki tollaður öðruvísi en tvinni, og sniðið leður í stigvjel er fremur leður en skófatnaður.